

Nr. 20-115 S 080 Landey SH 59***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2652
Smíðaður: Akranes, 2006, trefjaplast.
Útgerð: Þórsnes ehf
Stærð: 11,34 brl. 14,67 bt.
Mesta lengd: 12,74 m *Skráð lengd*: 10,96m
Breidd: 3,94 m *Dýpt*: 1,56 m
Vél: Yanmar 314 kW, 2006
Fjöldi skipverja: 3



Landey©Emil Páll

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. maí 2020 var Landey SH 59 við landfestar í Ólafsvík. Veður: SSA 7-8 m/s.

Skipverjar voru að hífa beitu um borð í fiskikari niður um lúgu á yfirbyggingu bátsins. Sveifla kom á fiskikarið með þeim afleiðingum að einn skipverjinn klemmdi hendina á milli fiskikarsins og lúgukarms. Við það klipptist framan af vísifingri hægri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að fiskikarið var hífð um borð með löndunarkrana sem staðsettur var á bryggjunni;
- að ekki náðist í slasaða við rannsókn málsins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð.